

dal og svo vestur sýslumót í Kvígindisfell. Úr Kvígindisfelli í upptök **52**  
Tunguár og svo ræður Tunguá þar til bein lína fæst í Eiríksvatn, fram- 8. júní  
anvert við bæjarrústirnar í Vörðufelli. Síðan ræður Fitjaá, Skorradal-  
vatn og Andakílsá til sjávar.

Fyrsta Oddstaðarjett skal vera miðvikudaginn í 22. viku sum-  
ars, önnur miðvikudaginn í 23. viku, þriðja miðvikudaginn í 25. viku.

### 3. gr.

24. gr. 3. liður orðist svo: Hrafneyrarrjett. Leitarsvæði: Að norð-  
an ráða leitartakmörk Oddstaðarjettar alla leið frá sjó til Kvígindis-  
fells. Þaðan ráða landamerki Stóra-Botns til sjávar.

Fyrsta Hrafneyrarrjett skal vera miðvikudaginn í 22. viku sum-  
ars, önnur miðvikudaginn í 23. viku sumars, þriðja miðvikudaginn í 25.  
viku sumars.

Á þessu svæði skulu sundurdráttarrjettir vera í Efstabæ, Hrepps-  
rjett, Leirár- og Melahreppi og Innri-Akraneshreppi. Úrtíningur úr  
öllum þessum rjettum rekist til Hrafneyrarrjettar.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir sam-  
ið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist  
hjermeð til að öðlast gildi 1. júlí 1928.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. júní 1928.*

Magnús J. Kristjánsson.

*Vigfús Einarsson.*

## AUGLÝSING

um

**staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breytingu  
á og viðauka við heilbrigðissamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað  
frá 16. júní 1920.**

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905 um heilbrigðissam-  
þykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjer með staðfest eftirfarandi  
samþykkt um breytingu og viðauka á heilbrigðissamþykkt fyrir Siglu-  
fjarðarkaupstað frá 16. júní 1920, sem bæjarstjórnin hefir samið og  
samþykkt.

53  
8. júní um breyting á og viðauka við heilbrigðissamþykkt fyrir Siglufjarðar-  
kaupstað frá 16. júní 1920.

## S a m þ y k t

### I. KAFLI.

#### *Um mjólkursölu.*

##### 1. gr.

Öll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar, og getur nefndin bannað mjólkursölu á eða frá heimili, ef næmur sjúkdómur gengur á heimilinu eða ástæða er til að ætla að kýrnar sjeu veikar.

Berklaveikir menn mega hvorki hirða kýr, mjólka eða hafa með höndum þá mjólk er selja skal.

Heilbrigðisnefnd getur og bannað mjólkursölu ef óþriflega er farið með mjólkina eða hreinlæti í fjósum og hirðing kúnna í svo löku standi að erfitt verði að forðast að mjólkinn óhreinist.

Mjólk má ekki selja í öðrum sölubúðum, en brauðbúðum eða sjerstökum búðum, þar sem eingöngu er verslað með mjólkurafurðir, enda fullnægi þá búð sú kröfum heilbrigðisnefndar um útbúnað og alla umgengi.

### II. KAFLI.

#### *Um sláturhús og kjötbúðir.*

##### 2. gr.

Enginn má slátra skepnum til að selja, nema hann hafi til þess fengið skriflegt leyfi bæjarstjórnar, og skal hún veita slíkt leyfi, ef fullnægt er þeim ákvæðum um tilhögun á sláturhúsum, sem hjer fara á eftir. Bæjarmönnum er þó heimilt að slátra fyrir sig heima hjá sjer, en ávalt skal það gert innan húss, nema heilbrigðisnefnd leyfi annað, og fylgja ber fyrimælum heilbrigðisnefndar um þrifnað og hreinlæti.

##### 3. gr.

Sláturhús má ekki reisa annarsstaðar en þar sem hægt er að koma afrenslu til sjávar, eða í neðanjarðar göturæsi (Kloak).

Gólfíð í húsunum skal vera steyppt, og skal því halla að skólpopum, en frá skólpopum skulu liggja ræsi neðanjarðar til sjávar, eða neðanjarðar göturæsi, ef til eru.

Veggir skulu vera kalkaðir, gluggar skulu vera á tveimur hlið-

um mótsettum, og þá hægt að opna alla. Hólfa skal húsið í tvent að minsta kosti. Í einu hólfinu skal drepa skepnuna og gera til, í öðru hleypa úr innýflum. Skal vera sjerstakt skólpop á gólfi í hverjum klefa. Fast við innýflaklefan skal vera vatnshelt gorilát eða gorgryfja og skal hún gerð vatnsheld úr góðri steinsteypu og má aldrei vera opin svo að mönnum eða skepnum geti stafað hætta af. Hafa skal vatnshana í hverjum klefa í húsinu.

Heilbrigðisnefnd getur fyrst um sinn leyft sláturhús, þó eigi fylgi öllum þessum ákvæðum.

#### 4. gr.

Stíur, rjettir eða port, sem sláturfje er geymt í skulu vera flór-lagðar og yfirbygðar.

#### 5. gr.

Ekki má hafa sláturhús nær íbúðarhúsum, en nemi 10 álnum og ekki nær vatnsbóli, en nemi 15 álnum. Sama gildir um stíur, rjettir eða port, sem sláturfje er geymt í.

#### 6. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því, að sláturhús sjeu vel þrifuð. Gólf skal skola hreint á hverjum degi, þá er slátrað er, jafnóðum og þau óhreinkast. Gorgryfjurnar skal tæma jafnóðum og þær fyllast. Rjettir skal moka daglega, þegar skepnur eru geymdar í þeim, og skal alt gor, áburður og úrgangur, strax flutt á þann stað, sem heilbrigðisnefnd ákveður. Hundum má ekki hleypa inn í sláturhús, og ekki kasta sullum úr skepnum þar sem hundar geta náð í þá, heldur skal brenna þá. Slátrarar skulu vera hreinlegir til fara og hafa ermar brettar upp fyrir olnboga. Bæjarstjórn getur tekið slátrunarleyfi af hverjum þeim, er vanrækir þessi þrifnaðarfyrirmæli.

#### 7. gr.

Það er skylda hvers þess, er slátrar nautum, hestum, svínum eða kindum, að ráðfæra sig við dýralækni, þegar grunur leikur á, að einhver sjúkleiki finnist í kjötinu eða innýflum dýranna, sem óttast má að valdi sjúkdómi í mönnum ef neytt er.

Enginn má hafa til matar kjöt eða slátur af sjálfdaudum skepnum eða þeim, sem drepnar eru vegna sjúkleika, nema dýralæknir sje tilkvaddur og dæmi það ósáknæmt.

#### 8. gr.

Öllum sölubúðum, þar sem nýtt kjöt er haft á boðstólum, skal haga eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar. Í slíkum búðum má eigi hafa

**53** aðra vöru, en kjöt og matvæli, sem kjöt er haft í, reykt og niðursoðið  
8. júní fiskmeti, grænmeti, allskonar niðursoðnar vörur, egg og feitmeti, og skulu þær að minsta kosti fullnægja þeim skilyrðum, er hjer fara á eftir, enda má ekki taka þær til afnota, fyr en fengið er skriflegt leyfi heilbrigðisnefndar.

1. Gólf skal vera steinsteypt eða steinlagt, vatnshelt og á því skólpop og frá opinu skólpræsi.
2. Búðin skal vera 4 álnir undir loft. Loft skal gipsa. Veggj skal fódra með gleruðum flögum.
3. Hafa skal í búðinni vatnshana, birtu sem mesta og loftrás í góðu lagi.
4. Á borðum, sem kjöt er lagt á, skulu vera marmarahillur, flögu-steinsþynnur, zinkþynnur eða annað jafngott efni.
5. Nikkelhúð eða zinkhúð skal vera á öllum snögum, sem kjöt er hengt á.

#### 9. gr.

Öll matvælagarð af kjöti (bjúgu, kæfa o. s. frv.) skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar, ef selja á matvælin. Að því er húsnæði snertir til matvælagarðar getur heilbrigðisnefnd fyrirskipað þann útbúnað, sem til er tekinn í 8. gr. 1.—5. lið.

#### 10. gr.

Þeim mönnum, er slátra til sölu eða selja kjöt eða gjöra matvæli af kjöti til sölu, getur bæjarstjórn veitt undanþágu frá ákvæði 3., 5., 8. og 9. gr.

#### 11. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að banna sölu á kjöti, nema skoðað sje og stimplað af manni, sem hefir vottorð dýralæknis um að hann sje fær um að framkvæma skoðunina.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Þetta er hjer með gert heyrum kunnugt.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. júní 1928.*

**Jónas Jónsson.**

*Sigfús M. Johnsen.*